


Alþingi
Erindi nr. P 127/366
komudagur 6.12.2001



Bolli Þór Bollason

03.12.2001 17:55

To: Marianna Jónasdóttir/FJR/NotesSTJR@NotesSTJR
cc: Geir H. Haarde/FJR/NotesSTJR@NotesSTJR, Baldur
Guðlaugsson/FJR/NotesSTJR@NotesSTJR, Ragnheiður
Árnadóttir/FJR/NotesSTJR@NotesSTJR
cc: Geir H. Haarde/FJR/NotesSTJR@NotesSTJR, Baldur
Guðlaugsson/FJR/NotesSTJR@NotesSTJR, Ragnheiður
Árnadóttir/FJR/NotesSTJR@NotesSTJR

Subject: Fyrirspurn frá EVN

Hér með fylgja svör fjármálaráðuneytisins vegna framkominna viðbótarfyrirspurna á fundi nefndarinnar 29/11 sl.:

Sp. 1: Vegna umræðna um fjárlagafrumvarpið þess efnis að forsendur að baki því séu brostnar og þær forsendur eru þær sömu og að baki tekjuskattsfrumvarpinu er óskað eftir nýjum útreikningi í frumvarpið með breyttum forsendum.

Svar: Breyttar þjóðhagsforsendur snúa fyrst og fremst að árunum 2001 og 2002. Meginhluti tekjuskattsfrumvarpsins tekur hins vegar til ársins 2003. Af hálfu fjármálaráðuneytisins er því ekki ástæða til þess að endurskoða útreikninga frumvarpsins.

Sp. 2: Áhrif af því að stóriðjan fari í almennt skattþrep.

Svar: Eins og áður hefur komið fram í nefndinni af hálfu ráðuneytisins eru áhrif frumvarpsins ekki metin út frá einstökum fyrirtækjum heldur er reynt að skoða heildaráhrifin. Auk þess er rétt að nefna að mat á skattgreiðslum stóriðjufyrirtækjanna byggist á ýmsum örðum forsendum, svo sem áætlaðri afkomu o.fl.

Sp. 3: Hver eru áhrif hækkunar fasteignamats á vaxtabætur?

Svar: Lauslega áætlað þýðir hvert prósentustig í hækkun fasteignamats 7 m.kr. lægri vaxtabætur.